

Albanese gegn Ítalíu

Dómur frá 23. mars 2006

Mál nr. 77924/01

8. gr. Friðhelgi einkalífs

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Réttaráhrif gjaldþrotaskipta. Missir kosningaréttar.

1. Málsatvik

Kærandi er ítalskur ríkisborgari (f. 1941) og býr á Ítalíu. Fyrirtæki kæranda var úrskurðað gjaldþrota árið 1998.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á því að með úrskurði um að fyrirtæki hans væri tekið til gjaldþrotaskipta hefði eignarréttur hans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka verið brotinn. Þá byggði kærandi einnig á því að réttur hans til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans hefði verið brotinn þar sem skráning nafns hans í gjaldþrotaskrá hefði komið í veg fyrir að hann hefði getað stundað eðlilega atvinnustarfsemi, en skráningin hafði víðtækar afleiðingar með tilliti til ýmissa lögbundinna og leyfisskyldra starfsgreina, stofnunar hlutafélaga o.fl. Þá byggði kærandi einnig á því að brotið hefði verið á rétti hans með því að ekki væri unnt að afmá fyrirtækið af gjaldþrotaskrá fyrir en 5 árum eftir lok gjaldþrotaskipta. Að auki byggði kærandi á því að skort hefði raunhæf úrræði samkvæmt 13. gr. sáttmálans til að koma í veg fyrir þann réttindamissi sem hann varð fyrir vegna skráningarinnar. Að lokum byggði kærandi á því að réttur hans til frjálsra kosninga samkvæmt 3. gr. 1. viðauka hefði verið brotinn með því að kosningaréttur hans hafði fallið niður eftir að hann var tekinn til gjaldþrotaskipta.

Niðurstaða

Dómstóllinn rakti að það ákvæði laga sem svipti kæranda kosningarétti sínum hefði verið sett í þeim eina tilgangi að lítillækka gjaldþrota einstaklinga án þess þó að því hefði verið slegið föstu að þeir hefðu gerst sekir um refsiverða háttsemi. Var umrædd takmörkun á rétti samkvæmt 3. gr. 1. viðauka sáttmálans þannig ekki gerð í lögmætu markmiði að mati dómstólsins og taldist hún andstæð honum af þeim sökum.

Dómstóllinn taldi að þau víðtæku áhrif sem umrædd skráning hafði, t.d. með tilliti til allra þeirra starfa sem útilokað væri að kærandi gæti stundað vegna hennar, hefði það í för með sér að skráningin varðaði 8. gr. sáttmálans. Dómstóllinn rifjaði upp skilyrði 2. mgr. 8. gr. og benti á að sá réttindamissir sem kærandi yrði fyrir við skráningu leiddi sjálfkrafa af gjaldþrotaskiptum án þess að til kæmi sjálfstæður dómur. Taldi dómstóllinn þennan réttindamissi og lengd hans langt úr hófi með hliðsjón af þeim lögmætu markmiðum sem hér kæmu til greina (hagsmunir kröfuhafa o.s.frv.). Var ekki fallist á að þessar reglur gætu talist nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi þannig að samrýmdist 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn benti á að engin úrræði væru fyrir hendi til að fá réttindamissi endurskoðaðan með tilliti til umfangs eða tímalengdar. Var talið að um brot á 13. gr. sáttmálans væri að ræða. Að mati dómstólsins fólust í niðurstöðu um að brotið hefði verið á rétti kæranda fullnægjandi miskabætur til handa honum en dæmdi honum 2.000 evrur í málskostnað.